

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á



Fimmtudagur 13. júlí 2017 | 27. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



www.kokulist.is
Firði • sími 555 6655



Vantar allar
gerðir eigna
á söluskrá!

Hafið
samband
við
sölumenn
okkar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og
runnar
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is



Ný ásynd Lækjargötu

21 íbúð og þjónusta á jarðhæð að Lækjargötu

Fjögur tilboð bárust þegar tilboð voru opnuð í Dvergslóðina við Lækjargötu. Voru tilboðin metin út frá tillögum að uppbyggingu auk verðs og var GG verk ehf. hlutskarpast.

Í öllum tilboðunum var gert ráð fyrir byggingum á auðu svæði ofan við Gúttó en ekki er vilji hjá skipulags- og byggingarráði að byggja þar.

Akveðið var að ganga til viðræðna við GG verk ehf. sem bauð 192 millj. kr. í byggingarréttinn en lægsta tilboðið var 80 milljónir kr. og það hæsta 253,3 milljónir kr. Vegna brottfellingar á raðhús-



Svona gæti ásyndin orðið ef samningar nást.

unum fjórum gæti samningsupphæðin breyst til lækkunar svo enn er ekki vitað hver samningsupphæðin verður. Fasteignamat hússins er 307

milljónir kr. og brunabótamat 439 milljónir. Hafist er handa við niðurrif hússins en lægst-bjóðandi bauð 26,9 milljónir kr. í verkið. Sjá nánar bls. 6.

Næsta blað kemur út fimmtudaginn 17. ágúst

A
-stöðin
TAXI
Hafnfirska
leigubílastöðin
520 1212

Burger*inn

Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Fálkahraun 6



Fallegt einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr á frábærum stað á Einarstreitnum. Fimm svefnherbergi. Verð 66 millj. kr.

Arnarhraun 11



Falleg, björt og vel skipulögð 4ra herb. hæð ásamt bílskúr í litlu fjölbýli miðsvæðis í Hafnarfirði. Yfirbyggðar og upphitaðar svalir. Verð 44,5 millj. kr.

Norðurbakki 17C



Falleg og rúmgóð 3ja herb. íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Gott útsýni, tvennar svalir, stæði í bilageymslu. Glæsileg eign. Verð 61,9 millj. kr.



Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

15TH World Scout Moot 2017

change

Inspired by Iceland

Um 400 erlendir skátar á heimsmóti skáta í Hafnarfirði

Hluti af 5.000 manna skátamóti sem sameinast á Úlfjótssvatni



leiðarinn

Um síðustu áramót skuldaði Hafnarfjarðarbær 24,3 milljarða króna í langtímaskuldum. Að auki skuldaði bærinn 1,9 milljarð í öðrum skammtímaskuldum auk þess að skulda 11 milljarða í lifeyrisskuldbindingum. Þetta eru samtals rúmlega 37 þúsund milljónir króna eða tæplega 1,3 milljónir á hvern bæjarbúa.

Ég virði Harald bærarstjóra sem segir það gríðarlega mikilvægt að minnka skuldirnar auk þess sem segir að sveitarfélög eigi ekki að skulda neitt. Hann er ráðinn af meirihluta bærarstjórnar, fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar sem hingað til í orði a.m.k. hafa staðið á bak við bærarstjórnann í þessum skoðunum hans.

En nú liður að kosningum og þá er bærarfélagið allt í einu svo vel stadd að allt í lagi er að setja a.m.k. 1,6 milljarða kr. í byggingu á tveimur fullstórum knattspyrnuhúsum. En þarna rofnaði samstaðan í bærarstjórn þegar fulltrúar Bjartrar framtíðar snérist á sveif með Samfylkingu og Vinstri grænum og höfðu þessum áformum Sjálfstæðisflokksins.

Það er nauðsynlegt að geta tryggt íbúum bæjarins góða aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Um það er í sjálfu sér ekki deilt. En þegar fjárhagur bæjarins er slæmur, skuldirnar eru háar og bærinn rétt sloppinn undan vökulum augum eftirlitsstofnunar með fjárhag sveitarfélaga er ekki rétti tíminn til að koma með kosningaloforð sem kosta bæjarbúa svona miklar upphæðir.

Það getur varla verið gáfulegt að bæta fleiri eignum í eignasafn bæjarins á meðan bærinn getur ekki staðið undir þeirri kvöð að viðhalda því húsnæði sem fyrir er. Hægt er að benda á fjölmargar eignir sem líða fyrir lélegt viðhald, t.d. íþróttahúsið í Kaplakrika, íþróttahús Viðistaðaskóla, Hús Bjarna riddara, Pakkhúsið og Setbergsskóla svo einhver séu nefnd.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Fréttir í sumarfríinu
Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
og á sport@fjardarfrettir.is
Næsta blað 17. ágúst

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Yfir 400 erlendir skátar, 18-25 ára munu setja upp tjaldbúðir á Viðistaðatúni 25.-28. júlí nk. og taka þátt í fjölbreyttum verkefnum í Hafnarfirði og í nágrenni bæjarins. Er skátamótið í Hafnarfirði hluti af 5.000 manna skátamóti sem byrjar á ellefu mismunandi stöðum á landinu en skátarnir sameinast svo allir á Úlfjótssvatni.

Verða skátarnir í 40 manna blönduðum sveitum en skátarnir koma frá 102 mismunandi löndum en skátar frá 48 mismunandi löndum verða í Hafnarfirði.

World Scout Moot er alheims-mót skáta 18-25 ára og er mótið á Íslandi 15. mótið og það fyrsta sem haldið er á Íslandi og stærsta skátamót sem haldið hefur verið á Íslandi.

Flestir skátar koma frá Bretlandi, 462 talsins en næst flestir eða 420 koma alla leið frá Ástralíu. 293 koma frá Sviss og 282 frá Brasilíu.

MIKILL UNDIRBÚNINGUR

Eldri skátar í Hafnarfirði bera ábyrgð á tjaldbúðinni á Viðistaðatúni en að mörgu er að hyggja. Hver sveit eldar sinn mat og



skátarnir útbúa sína matarpakka sem þeir taka með sér þegar þeir fara í hina ýmsu dagskrárpósta sem geta verið á ýmsum stöðum. Þeir munu fara í ferðir í nágrenni bæjarins, sigla á kanóum á Hval-eyrarvatni, ganga Selvogsgötuna, skoða Krýsuvíkurbjarg, fara í menningarferðir og elda íslenska kjótsúpu svo eitthvað sé nefnt.

Allir taka þátt í samfélags-verkefnum í a.m.k. 4 klukkutíma sem kemur sér vel fyrir Hafnarfjarðarbæ sem fær því um 40 vikna vinnuframlag. Hafnarfjarðarbær tekur vel á móti skátunum og aðstoðar á ýmsan hátt við skátamótið sem örugglega á eftir að lifga vel upp á bæjarlífið.

Fjölmennt starfslið kemur að mótshaldinu, bæði innlendir og erlendir skátar, allt sjálfbóðaliðar.

Undirbúningur að mótshaldinu hefur staðið yfir í mörg ár. Að ýmsu er að hyggja þegar fulltrúar

svo margra landa koma saman. Siðir eru mismunandi í hverju landi og trúarhefðir kalla á mismunandi mat og aðstöðu, allt sem þarf að huga að en skátahreyfingin er ein stærsta friðarhreyfing heims þar sem saman koma á skátamótum skátar af öllum þjóðernum og trúarbrögðum og starfa saman í sátt og samlyndi.



Þeir verða aðeins eldri skátarnir sem elda allan sinn mat sjálfir.

Hægt er að fræðast meira um mótið á www.worldscoutmoot.is



Einar Bárðarson ráðinn samskiptastjóri

Einar Bárðarson hefur verið ráðinn samskiptastjóri Hafnarfjarðarbæjar frá 1. ágúst n.k. til 31. ágúst 2018. Einar mun í starfi sínu sem samskiptastjóri sveitarfélagsins annast samskipti og samstarf við fjölmörg, hafa yfirumsjón með auglýsingum og kynningar-efni, sinna stefnumótun og sam-hæfingu í upplýsinga- og ferða-málum ásamt því að vera bæjar-

stjóra og öðrum starfsmönnum til ráðgjafar um samskipti og upplýsingagjöf. Einar mun tímabundið taka við verkefnum Árdísar Ármannsdóttur sem er á leið í fæðingarorlof. Þær breytingar hafa þegar verið gerðar að Andri Ómarsson, verkefnastjóri á stjórnsýslusviði, hefur tekið við viðburðatengdum verkefnum.

Einar Bárðarson



Grillum & Njótum

ALLT FYRIR SUMARGRILLIÐ

GRILLKJÖT | MEÐLÆTI | EFTIRRÉTTIR



Landsnet eykur samráð við íbúana

Forstjóri Landsneta segir samráð við íbúana á Völlum hafi haft jákvæð áhrif á stefnu fyrirtækisins

Barátta Hafnfirðinga fyrir því að háspennulínur innst á Völlum verði fjarlægðar hefur verið nokkuð löng og ströng. Ekkert varð af framkvæmdum þegar Hafnfirðingar höfðu í kosningum, stækkun á álverinu í Straumsvík.

Íbúar á Völlum létu mikið til sín taka enda hagsmunamál þeirra að línurnar færu. Þeir gerðu líka athugasemdir við hávaðamengun frá spennuvirkni í Hamranesi sem varð til þess að Landsnet gerði umfangsmiklar breytingar til að ráða bót á því. Íbúarnir höfðu látið í ljós að þeir sættu sig ekki við annað en góðar lausnir sem varð til þess að Landsnet gerði umbætur sem urðu til þess að spennuvirkni stóðst kröfur um hljóðmengun langt umfram lágmarks-kröfur. Þegar línurnar verða færðar hverfur hávaðamengun á svæðinu.

HÁSPENNULÍNUR HVERFA

Nú hillir í að háspennulínurnar hverfi um leið og ný lína verður lögð frá Sandskeiði að Hafnarfirði.

hún þarf að fara í nýtt umhverfismat með nýrri valkostaskýrslu.

Aðspurður segir Guðmundur að ekki hafi þótt raunhæfur kostur að leggja Sandskeiðslínu, sem nú heitir Lyklafellslína, í jörðu, leið meðfram Bláfjallavegi yrði um fjórfalt dýrari og því fylgdi mikið rask á vatnsverndarsvæði. Þá segir hann að alls ekki hafi verið talinn vænlegur kostur að fara með jarðstreng í gegnum efri byggðir á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar þessi nýja lína hefur verið lögð verða Hamraneslína 1 og 2, sem báðar eru á sameiginlegum möstrum, fjarlægðar, alveg frá Geithálsi og að Hamranesi. Segir Guðmundur að stefnt sé að því að það náist fyrri hluta 2019.

SANDSKEIÐ – HRAUNTUNGUR

Í dag liggur 220 kV háspennulína, Búrfellslína 3, frá Sandskeiði og að Hamranesi. Liggur hún m.a. við s-a hlíðar Helgafells. Ný lína, Lyklafellslína



Háu möstrin í Hamraneslínunni 1 og 2 hverfa.

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets sagði í viðtali við Fjarðarfréttir að hafist yrði handa á þessu ári að leggja nýja 220 kV háspennulínu frá Sandskeiði, samsíða Búrfellslínu 3 og í Hrauntungur þar sem ný tenging verður gerð við álverið í Straumsvík. Frá Hrauntungum verður lögð ný Suðurnesjalína en það verk teftst um a.m.k. eitt og hálf ár þar sem

1 verður lögð samsíða núverandi línu og verða möstrin sambærileg og núverandi möstur og jafn há. Þó er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði hægt að hækka spennu á línunni í 400 kV en við það myndu möstrin hækka aðeins. Rétt áður en nýja línan kemur að Stórhöfða, sveigir hún til vesturs að Hrauntungu en þar er fyrirhugað í framtíðinni að byggja nýtt tengivirki sem kemi að hluta í staðinn fyrir tengivirkið í Hamranesi.



Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets

HÁSPENNULÍNUR Á IÐNAÐARSVÆÐI HVERFA

Með tilkomu nýju Lyklafellslínunnar verður gerð ný tenging frá Hrauntungum að álverinu í Straumsvík. Núverandi háspennulínur frá Hamranesi, í gegnum iðnaðarsvæðið, að Ísal verða fjarlægðar en í stað kemur lína frá Hrauntungum og ný lína frá Hamranesi að Hraunhelli og þaðan að álverinu. Línurnar tvær verða á nýrri gerð af möstrum sem verða ekki eins áberandi og eldri möstur, sjá mynd.

NÝR LÍNUVEGUR – ÚTIVISTARVEGUR?

Nýr línuvegur hefur verið lagður í vegstæði nýrrar Suðurnesjalínu, frá Krýsuvíkurvegi, skammt norðan rallý-krossbrautarinnar og skáhallt sunnan Draughólshrauns og að eldri línuvegi við bæjarmörk Hafnarfjarðar og Voga. Ekki hefur verið lokið við hann næst Vogum og er hann nú í biðstöðu.

Guðmundur var spurður hvort ekki mætti nýta þessa vegi sem útivistarvegi enda lægi þessi nýi vegur um svæði með mörgum minjum um búskap fyrri alda.

Segir hann það ekki hafi verið skoðað sérstaklega en það hafi verið rétt hvort ekki væri á samfélagslegum forsendum eðlilegt að opna þá og gera þá að útivistarvegum og merkja sem slíka. Landsnet þurfi alltaf að hafa aðgang að þessum vegum vegna viðhalds en sennilega væri eðlilegra að þar yrði aðeins gert ráð fyrir gangandi og hjólandi umferð en þyrfti að setja í veginn finni ofaníbúð. Segir Guðmundur að fyrirtækið væri alveg opið fyrir umræður slíkt.

MIKIL PRESSA FRÁ BÆJARYFIRVÖLDUM

Guðmundur segir að mikill þrýstingur hafi verið frá bæjaryfirvöldum um tilfærslu á línunum og að hann hafi verið svo á öllum stigum málsins frá upphafi. „Það voru eiginlega tvö mál, annarsvegar sjónræn áhrif frá Hamranesspennuvirkni og að fjarlægja línurnar sem íbúarnir þrýstu á en svo þegar við tókum upp samtal við íbúasamtökin þá heyrðum við líka að margir kvörtuðu líka yfir hljóðvístinni. Það minnkar þegar línan fer því það heyrir sérstaklega í röku vedri snark frá línunni, svokallað 50 ríða snark sem mun hverfa. En við hækkuðum hljóðmönina við spennistöðina, bæði til að draga úr sýnilegum áhrifum spennistöðvarinnar og líka til að draga úr hljóðinu. Svo byggðum við veggir við spennana til að drepa niður hljóðið frá þeim. Við þetta gærbreyttist hljóðvístin.“

Landsnet hafði látið mæla hljóðmengunina og kom í ljós að hún var rétt við mörkin en með þessum aðgerðum fór hún langt undir skilgreind mörk.

„Þetta er fyrsta verkefnið þar sem við tókum svona viðtækt samtal við samfélagið. Við lærðum mikið af því og fundum að það er heillavænlegast að fá fram sjónarmið íbúanna strax í stað þess að lenda í deilum eftir á.“

ÁUKIÐ SAMRÁÐ

Guðmundur segir að í samræmi við nýja stefnu Landsnets verði stofnuð verkefnaráð/hagsmunaráð sem er ætlað að tryggja virkara samtal, skilning og betra upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdir á vegum Landsnets. Þannig náist bein og milliliðalaus skoðanaskipti við íbúa auk hins hefðbundna samráðs við sveitarstjórnir.

„Við hvetja alla til að fylgjast með því sem við erum að gera, bæði á vefnum og okkar og á samfélagsmiðlum – en við höfum verið að breyta framsetningu á efni nota meira myndir og vídeó, teikna mannvirkin inn í umhverfið til að gera þetta eins líkt því og það verður eftir framkvæmdir.“

Skýringarmynd sem sýnir breytingar á háspennulínunum. Ath. Sandskeiðslína heitir nú Lyklafellslína.





SNJALLARI HREYFING Í SUMAR



BOSE

SOUNDSPORT PULSE

heyrnartól með púlsmæli

Einstaklega létt og þægileg þráðlaus heyrnartól frá BOSE sem henta vel fyrir útivist og hreyfingu. Innbyggður púlsmælir sendir upplýsingar í vinsælustu íþrótt- og heilsuöppin. Hljóðnemi og stýring virka í öllum gerðum síma og snjalltækja.

Njóttu tónlistar í betri gæðum

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk.
Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþríf. Kem og sæki. Bón verndar

bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt
verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide,
ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.

Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

15. júlí kl. 14, Ásvellir

Haukar - Fram, 1. deild karla

18. júlí kl. 19.15, Færeyjar

Víkingur, Götu - FH, meistaradeild UEFA

20. júlí kl. 19.15, Ásvellir

Haukar - Fram, 1. deild karla

23. júlí kl. 19.15, Kaplakriki

FH - Leiknir R., bikarkeppni karla

28. júlí kl. 14, Ásvellir

Haukar - Fram, 1. deild karla

28. júlí kl. 19.15, ÍR völlum

ÍR - Haukar, 1. deild karla

30. júlí kl. 17, Akureyri

KA - FH, úrvalsdeild karla

1. ágúst kl. 19.15, Kaplakriki

FH - erlent félag, meistaradeild UEFA

2. ágúst kl. 17.45, Ásvellir

Haukar - Þór, 1. deild karla

8. ágúst kl. 19.15, Kaplakriki

FH - Valur, úrvalsdeild karla

9. ágúst kl. 19.15, Kaplakriki

FH - Haukar, úrvalsdeild kvenna

11. ágúst kl. 19.15, Seltjarnarnes

Grótta - Haukar, 1. deild karla

13. ágúst kl. 18, Fylkisvöllur

Fyllkir - FH, úrvalsdeild kvenna

14. ágúst kl. 18, Fjölnisvöllur

Fjölnir - FH, úrvalsdeild karla

16. ágúst kl. 19.15, KR-völlum

KR - FH, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

FH - Víkingur Færeyjum: (miðv.dag)

Haukar - Selfoss: 2-1

Fyllkir - Haukar: 2-0

FH - Víkingur Ó.: 0-2



Þú getur tekið þátt!

Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.

Stendur til 25. september

80-353 milljónir
boðnar í Dvergslóðina

Lagt til að tekið verði tilboði GG verks ehf. upp á 192 milljónir

Skipulags- og byggingarráð hefur að tillögu matsnefndar um uppbyggingu á Dvergsreitnum lagt til að gengið verði til samninga við GG verk ehf. með þeim fyrirvara að fjögurra húsa raðhúsallengja bak við Gúttó falli út úr skipulaginu.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Tilboðsgjafi	Upphæð	Einkunn
GG verk ehf.	192 millj. kr.	5,20
E3 ehf.	80,0 millj. kr.	4,23
Fjarðarmót ehf.	206,0 millj. kr.	2,10
JTV ehf.	253,3 millj. kr.	1,18

Að tilboði GG verks standa arkitektastofurnar Krads og Trípoli, Landmótun og New nordic engineering verkfræðistofa.

Í tillögunni er gert ráð fyrir 40-160 m² íbúðum og verslun eða þjónustu á jarðhæðum sem snúa að Lækjargötu, samtals 352 m². Tillögurnar gera ráð fyrir 25 íbúðum og nýtingarhlutfalli 1,28 ef bílakjallari er frátalinn. Alls eru raðhúsin fjögur sem skipulags- og byggingarráð vill ekki hafa inni 456 m².

Alls bárust fjórar tillögur sem voru ólíkar. Sameiginlegt eiga þær allar að gert er ráð fyrir að byggja á baklód við Gúttó. Var það einróma álit matsnefndarinnar að á þeim stað væri verið að taka besta stað lóðarinnar til útivistar og tengslin milli þess nýja og hinnar eldri



Ásýnd tillögu GG verks ehf. Ekki er vilji til að raðhúsin 4 t.h. risi.



Ásýnd niður Lækjargötu.

byggðar með útisvæðinu sem teygir sig inn á milli húsanna yðri rofin.

Þá vildi ráðið að skoðaður verði í deiliskipulagsvinnunni aðgangur að bílastæðum fyrir húsin neðst í Brekkugötu.

Helgi Gunnarsson hjá GG verk var nýbúinn að sjá niðurstöðuna þegar Fjarðarfréttir hafði samband og gat ekki upplýst hverju höfnun á raðhúsunum breytti.



Stærð mynd 1: 1:1000

Grunnmynd tillögu GG verks, Suðurgata neðst og Brekkugata efst.

Á DÖFINNI

Hekla fyrir vökudeild

Handþrjón á Reykjavíkurveginum bjóða til samheksls á Kolkraþba fyrir Vökudeild Landspítalans. Ópið hús verður **kl. 15-20 í dag, fimmtudag**. Heklunálar, garn og uppskriftir á staðnum.

Hafnarborg

Sýningin Landsýn - í fótspor Jóhannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Jóhannesar stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýningin „Dáíð er allt án drauma“ með listakonunum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Átak til málörvunar í leikskóla



Leikskólinn Norðurberg hefur gefið út handbók um snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna og undirbúning fyrir lestur. Handbókin var kynnt nýlega á kynningarfundum í skólunum að viðstöddum fjölda gesta. Handbókin, Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna – undirbúningur fyrir lestur, er afkraksturþróunarverkefni í leikskólanum sem átt hefur sér stað síðustu tvö ár.

Handbókin kynnir m.a. verkferla, málörvun, flokkun á bókum og málörvunarefni eftir málþáttum. Einnig er kynnt verklag í námi allra barna í leikskólanum og tekur handbókin m.a. á því að skima fyrir hugsanlegum lestrarvanda barna. Leikurinn er í brennidepli og í bókinni eru kynntar skemmtilegar

hugmyndir til þess að vinna með mál og læsi í leikaðstöðum bæði úti og inni. Markmiðið er að leita allra leiða til að finna snemma þau börn sem mögulega munu eiga í lestrarvanda síðar meir, greina vandann og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða þar sem unnið er markvisst með íhlutun í kjölfar skimana og prófana.

HANDBÓK SEM SAMHÆFIR FAGVINNU OG FESTIR VINNUBRÖÐ Í SESSI

„Handbókin er góð handbók fyrir starfsfólk Norðurbergs og gefur þeim aukin tækifæri til að samhæfa fagvinnu og festa ákveðin vinnubröð í sessi,“ segir Anna Borg Harðardóttir leikskólastjóri. „Á sama tíma er handbókin

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX

sími 896 6076
as@remax.is

FJÖRDUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggiltur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

góð fyrirmynd í snemmtækri íhlutun varðandi málörvun og lestrarnám barna fyrir aðra skóla.“

Í handbókinni er kynntur ákveðinn grunnur sem hægt er að nýta og vinna með út frá sérstöðu hvers leikskóla. Handbókin og þróunarverkefnið var unnið í nánú samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmæinafræðing hjá Hafnarfjarðarbæ. Verkefnastjórn var í höndum Huldu P. Haraldsdóttur, leikskólakennara og deildarstjóra á Álfa-

steini á Norðurbergi. Aðrir í þróunarteymi verkefnis voru Gunnhildur Grímsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórnir Lóa Björk Halldóttir, Sigríður Jenný Halldórsdóttir og Jóhanna Berendsdóttir. Leikskólastjóri á Norðurbergi er Anna Borg Harðardóttir. Sambærileg vinna við sérsniðna og aðlagða handbók er þegar farin af stað í nýjasta leikskóla Hafnarfjarðar, Bjarkalundi.



Aðstandendur verkefnisins með bæjarstjóra, fræðslustjóra og formanni fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar. F.v. Fanney D. Halldórsdóttir fræðslustjóri, Ásthildur Bj. Snorradóttir talmæinafræðingur, Anna Sigurborg Harðardóttir leikskólastjóri, Rósa Guðbjartsdóttir formaður fræðsluráðs, Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri og Hulda P. Haraldsdóttir verkefnastjóri.

Sumarhreinsun ICEHERBS

Hreinsandi og endurnærandi

Magnesíum Hreinsandi Skjöldur

Fæst í öllum apótekum, heilsuvörverslunum, Hagkaupum og Friðhöfninni Keflavíkurflugvelli.



**25%
AFSLATTUR
Í JÚNÍ**



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

www.iceherbs.is


Enn meiri AFSLÁTTUR!



Ný heimasíða!
www.fjordur.is

FJÖRÐUR

Fylgstu með Firði
á Facebook



ÚTSALAN



Í FIRÐI ER Í FULLUM GANGI